

Vorskýrsla kjaratölfræðinefndar 2024

Kynning 20. júní 2024

Hrafnhildur Arnkelsdóttir
Arnaldur Sölvi Kristjánsson



Tilgangur og markmið kjaratölfræðinefndar

Fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma.

Stuðla að sameiginlegum skilningi aðila á eðli, eiginleikum og þróun þeirra hagtalna sem mestu varða við gerð kjarasamninga.

Um vorskýrslu

Í vorskýrslu kjaratölfræðinefndar er fjallað um efnahagsmál, vinnumarkað, laun og launaþróun og kjarasamninga auk ítarlegrar umfjöllunar um laun heildarsamtaka á vinnumarkaði.


Talnaefni er á vef kjaratölfræðinefndar, ktn.is.

Lögð er áhersla á nýliðna kjarasamninglotu sem telst vera frá nóvember 2022 til janúar 2024. Kjarasamningar aðila komu til framkvæmda á mismunandi tímamörkum innan lotunnar.

Gerð er grein fyrir þróun launa á tímabilinu nóvember 2022 til janúar 2024 og meðallaunum ársins 2023.

Byggt er á greiningum frá Hagstofu Íslands og því hægt að bera talnaefni KTN saman við opinbera launatölfræði.

Efnahagsumfjöllun fer nær í tíma og tekur mið af fjölbreyttum heimildum.



Nýir kjarasamningar

- Nýir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði gilda 1. febrúar 2024 til janúarloka 2028.
- Líkt og áður var farin blönduð leið krónutöluhækkana og prósentuhækkana auk sérstakrar hækkunar launataxta og annarra ákvæða sem tengjast viðmiðunarhækkunum og framleiðniaukningu.
- Í samningum SA við félög innan ASÍ eru forsenduákvæði um verðlagsþróun og efndir á aðgerðum í yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var út í tengslum við samningana. Mat verður lagt á forsendur í september 2025 og 2026.
- Nokkur af aðildarfélögum innan BSRB hafa undirritað kjarasamninga við ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga. Samningarnir eru til fjögurra ára og á sambærilegum nótum og á almenna markaðnum. Samningum annarra hópa er enn ólokið.


Áfangahækkunir í kjarasamningum 2024 á almennum vinnumarkaði

<i>Dagsetning</i>	<i>Hlutfallshækkun</i>	<i>Lágmarkshækkun krónur</i>
1. febrúar 2024	3,25%	23.750
1. janúar 2025	3,50%	23.750
1. janúar 2026	3,50%	23.750
1. janúar 2027	3,50%	23.750


Launaþróun í nýliðinni kjarasamningslotu

Kjarasamningar í nýliðinni skammtímalotu tóku almennt gildi 1. nóvember 2022 á almennum vinnumarkaði en 1. apríl 2023 á opinberum markaði og byggðu á blandaðri leið krónutölu- og hlutfallshækkana.


Vísitala grunntímakaups, breyting frá nóvember 2022 til janúar 2024 (nóvember 2022=100)



Breyting á kaupmætti grunntímakaups frá nóvember 2022 til janúar 2024



Samsetning




Vægi markaða og heildarsamtaka í
vísitölu grunntímakaups í janúar 2024

Launaþróun eftir mörkuðum og heildarsamtökum

Hækkun grunntímakaups frá
nóvember 2022 til janúar 2024 eftir
mörkuðum og heildarsamtökum.

Hóparnir eru misstórir og hafa
mismikið vægi inn í
heildarniðurstöður.




Dreifing meðallauna árið 2023

Grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun hjá fullvinnandi launafólki árið 2023 skipt eftir mörkuðum og heildarsamtökum.

Meðaltal segir ekki alla söguna!


Hóparnir eru misstórir og hafa mismikið vægi inn í heildarniðurstöður.

Ólík samsetning starfa í hópum hefur áhrif á launastig.




Samsetning heildarlauna árið 2023

- Heildarlaun fullvinnandi árið 2023 eftir mörkuðum.
- Mánaðarlaun í þúsundum króna.
- Ólík samsetning starfa í hópum hefur áhrif á launastig.




Efnahagsmál

- Hagvöxtur á mann hér á landi var meiri en á Norðurlöndunum, samdráttur meiri 2020
- Mikill vöxtur síðustu ár var einkum drifinn áfram af endurreisn ferðaþjónustu





- Hægt hefur á umsvifum í hagkerfinu
- Landsframleiðsla dróst saman á fyrsta ársfjórðungi 2024
- Útlit er fyrir að hagvöxtur verði hóflegur næstu árin



Verðbólga og kaupmáttur


- Verðbólga lækkaði úr 10,2% í ársbyrjun 2023 í 6,2%
- Húsnæðisverði ýtir áfram undir verðbólgu
- Samkvæmt spám mun verðbólga vera yfir 2,5% um sinn

- Kaupmáttur launavísitölunnar jókst
- Kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst saman




Vinnumarkaður

- Hröð fjölgun fólks á vinnumarkaði
- Dregið hefur úr fjölgun
- Atvinnuleysi nokkuð stöðugt síðustu 1-2 ár





- Upplýsingar um fjölda lausra starfa og ráðningaráform stjórnenda gefa til kynna að spennu ríki á vinnumarkaði
- Dregið hefur úr þeirri spennu



Vinnumarkaður – alþjóðlegur samanburður

- Atvinnuleysi er lágt
- Meðallaun eru há og dreifing launa er lítil
- Vinnutími tiltölulega stuttur
- Vinnuvikan hefur styst síðustu 10 ár





Spurningar?